

Krafla:

Jötunn kominn niður á 150 m

ASK-Reykjavík. — Jötunn er kominn í eina 150 metra, og er nú verið að fódra holuna sem er skammt austan við byggingarsvæðið, sagði Jónas Karlsson verkfræðingur við Kröflu er Tíminn spurðist fyrir um borunarfrákvæmdir. — Þetta er fyrsta holan sem boruð hefur verið hér um langt skeið, en eftir að í einni holunni sem boruð var síðastliðið haust myndaðist leirhver, var ekki boruð nema ein hola til hálf.

Jötunn kom til Kröflu í lok síðustu viku frá Laugalandi og stefnt er að því að með honum verði boraðar 3 til 4 holur fyrir áramót. Þá verður einnig reynt að fá gufuborinn til Kröflu, þannig að í allt ættu að vera 5 til 6 holur boraðar. Ef þær reynast allar virkjanlegar þá ætti orkan að nægja fyrir fyrsta áfanga virkjunarinnar sem er 30 megavött. Hins vegar er gert ráð fyrir frekari borun í Kröflu til öryggis rekstrinum. Á svæðinu eru nú þegar fimm holur, en að sögn Ísleifs Jónssonar hjá orkumálastofnuninni er aðeins ein þeirra virkjanleg í mesta lagi. Hinar eru allar tilraunaholur.

Gert er ráð fyrir að Jötunn bori niður á 1500 til 2000 metra dýpi, en æskilegt hitastig fyrir túrbínurnar er tæpar 280 gráður. Hins vegar þýðir það ekki að þær geti ekki notað heitari gufu eða kaldari. Í fyrra tilfellinu verður hún einungis þurrari og minna þarf af henni, en í því síðara þarf nokkru meira magn af gufu.

Þessa dagana er unnið að margvislegum framkvæmdum við Kröflu fyrir utan borunina. Verið er að reisa tvo kæliturnna við aðalstöðvarhúsið og unnið er að setja niður stjórnborð fyrir vélasamstæðurnar.



Atvinnuleysi í júní:

Færri á skrá en atvinnuleysisdagar voru fleiri

ASK-Reykjavík. Í nýútkominni skýrslu frá félagsmálaráðuneytinu kemur m.a. í ljós að atvinnuleysisdagar í kaupstöðum voru 4.650 í maí, en í júní voru þeir 4.626. Þeim hefur einnig fjölgað í kaupsýslum um rétt rúmt hundruð — úr 306 í 407. Aftur á móti voru atvinnuleysisdagar í smærri kaupsýslum færri í júní: þeim fækkaði úr rúmlega tvö þúsund í rúm sextán hundruð.

Af kaupstöðum var Reykjavík með flesta atvinnuleysisdaga, rúmlega tvö þúsund, þá kom Hafnarfjörður með 693 og Húsavík með 500. Hins vegar voru staðir eins og Njarðvík og Bolungarvík með engan atvinnuleysisdag í síðastliðnum mánuði.

Þórshöfn var með flesta atvinnuleysisdaga af kaupsýslum, eða 698, en þá kom Bíldudalur með 248. Hins vegar voru nokkur kaupsýslur með enga atvinnuleysisdaga, svo sem Fáskrúðsfjörður og Hellissandur.

Nokkuð færri voru atvinnulausir í lok júní en í endaðan maí, samkvæmt skýrslunni. Í kaupstöðum voru á skrá 289 en í maí-lok 254. Í kaupsýslum með

1000 íbúa og yfir hefur atvinnuleysingjum einnig fækkað, þeir voru 27, en eru nú 14. Sömu sögu er að segja af kaupsýslum undir 1000 íbúum.

Iðnaðurinn:

Meiri verkefni framundan en fyrir lá um áramótið

— VERKFÖLLIN SETTU STÓRT STRÍK Í REIKNINGINN

FJ-Reykjavík. Samkvæmt hagsveifluvögum iðnaðarins fyrir fyrsta ársfjórðung þessa árs hefur orðið 1-2% samdráttur í iðnaðarframleiðslu, miðað við sama tímabil í fyrra. Hins vegar kemur fram, að fyrirhugaðri pantanir og verkefni eru nú töluvert meiri en í ársbyrjun.

Í fréttatilkynningu um hagsveifluvögina, sem tekin er saman af Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðar-

Gsal-Reykjavík — Bifreiðaeign landsmanna hefur aukizt á undanföllum árum og í árslok 1975 voru 326,9 bifreiðar á hverja þúsund íbúa á Íslandi, eða ein bifreið á hverja fjölskyldu í landinu, gróft reiknað. Þá voru hér á landi alls 71.495 bifreiðar. Aðeins einu sinni áður hefur bifreiðaeign landsmanna verið meiri, í árslok 1974, en þá voru 329,4 bíllar á hverja þúsund íbúa. Til samanburðar má geta þess, að árið 1970 voru 229,8 bifreiðar á hverja þúsund Íslendinga, og árið 1960 116,5 bifreiðar á hverja þúsund Íslendinga.

Um síðustu áramót voru í Reykjavík 28.836 bifreiðar, en í kaupstöðum landsins samtals 51.153 bifreiðar, en í sýslum alls 20.306. Þessar upplýsingar koma fram í bifreiðaskýrslu Hagstofunnar.

manna, segir að magnmínunkunin í ár stafi að sjálfsögðu mest af verkföllum í febrúarmánuði og leita þurfi allt aftur til ársins 1969 að sambærilegri niðurstöðu.

Sem fyrr segir lágu meiri verkefni fyrir í lok ársfjórðungsins en í ársbyrjun og má því reikna með aukningu í framleiðslu. Þá er þess getið, að iðnfyrirtæki með 55% mannaflans hafi skýrt frá fyrirhugaðri fjárfestingu á þessu ári, en á sama tíma í fyrra höfðu 30% fyrirtækjanna fyrirætlanir

um fjárfestingar.

Þær upplýsingar sem bárust um magnbreytingu gefa til kynna, að framleiðsluaukningin miðað við árið áður hafi mest orðið í skógerð, sælgætisgerð, matvælaíðnaði og skipasmíðum. Í flestum öðrum iðngreinum varð annað hvort kyrrstaða eða einhver framleiðslumínunkun. Mestur var samdrátturinn í steinefnaíðnaði, húsgagnagerð og innréttingasmíði, málningargerð og þrjánaíðnaði.

Íslenzkir listamenn eiga 10 af 100 verkum á norrænni sýningu á vefjalist

Í LISTASAFNI Alaborgar stendur nú yfir sýning á norrænni vefjarlist, sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. Sýningin er farandsýning og fer frá Alaborg til Noregs, þaðan til Svíþjóðar, áfram til Finnlands, Íslands, og Færeyja. Alls bárust 800 verk inn á sýninguna en aðeins 100 hlutu náð fyrir augum dómnefndar, þar af 10 frá Íslandi.

Dómnefnd var skipuð 5 fulltrúum, einum frá hverju landi, af Íslands hálfu Asgerður Búadóttir, Íslenzku listamennirnir sem eiga

verk á sýningunni eru: Arndís Ögn Guðmundsdóttir, Asgerður Búadóttir, Ragna Róbertsdóttir, Sigrún Svendsdóttir, Sigurlaug Jóhannsdóttir og Þorbjörg Þórbjörnsdóttir.

Sýningin verður á Kjarvalsstöðum í janúar 1977. Allur undirbúningur hér heima varðandi Nordisk textiltiðnið var unninn af Félagi textilhönnuðnaðar sem einnig mun annast uppsetningu og alla fyrirgæiðslu sýningarinnar hér á landi.

Skákmótið í Hollandi:

Friðrik og Guðmundur leiða enn

3. umferð IBM-skákmótsins í Amsterdam var tekið í gær og gerði Friðrik Ólafsson jafntefli við Hollendinginn Ligterink og Guðmundur Sigurjónsson jafntefli við Ree (Holland).

Önnur úrslit: Kurajica (Júgóslavía) vann Böhm (Holland), Velimirovic (Júgóslavía) vann Sax (Ungverjaland), Miles (Bretland) vann Langeweg (Holl.) og Gipslis (Sovét.) vann Szabo (Ungverjal.). Jafntefli gerðu

Farago (Ungverjal.) og Kortsnoj (Sovét.), og Ivkov (Júgósl.) og Donner (Holl.). Farago stendur heldur betur að vigi, en hin skákin er jafnteflisleg. Biðskák Kurajica og Ligterink með 2 vinninga. Farago er með 1,5 og biðskák.

Kortsnoj, Gipslis og Szabo eru með 1 1/2 vinning.

VEIÐIHORNIÐ



Nóg af laxi í Viðidalsá

— Það er gengið töluvert af laxi í Viðidalsá, en hann tekur bara ekki, sagði Daníel Viðarsson, leiðsögumaður, þegar VEIÐIHORNIÐ ræddi við hann í gær. Astæðan fyrir því að laxinn tekur ekki, er sú að of mikið af vatni er í ánni og einnig er hún mjög heit eða um fimmtán gráður. — Við töldum um fimmtíu laxa á einum staðnum í ánni fyrir stuttu, sagði Daníel, svo nóg virðist vera af honum í ánni.

Daníel sagði að samkvæmt veiðibókinni, væru milli 90 og 100 laxar komnir á land, en það er mun minni veiði en á sama tíma í fyrra, þegar um 170 laxar voru komnir á land. Hins vegar er laxinn mjög vænn sem fengist hefur nú, meðalþyngdin er góð eða um níu pund. Sá þyngsti sem fengist hefur er hins vegar aðeins 16 pund.

Veitt er á 8 stangir í Viðidalsá þessa dagana, en nú eru þar við veiði Finnar og verða þar til 24. júlí

Góð veiði í Laxá í Leirársveit

— Það hefur verið ágætis veiði í Laxá í Leirársveit síðan á laugardaginn var, sagði Sigurður Sigurðsson, Stóra-Lambhaga

í gær. — Þá virðist hafa komið góð ganga sem hefur verið síðan. T.d. komu 22 laxar á land s.l. sunnudag og 15 laxar á mánudaginn, og þannig hefur það verið síðan, 15-20 laxar á dag.

Sigurður sagðist álíta að samtals væru um 150-160 laxar komnir á land, sem mun vera þó nokkrulakara en á sama tíma í fyrra. Nú er veitt á sjö stangir í Laxá í Leirársveit.

Mokveiði í Þverá í Borgarfirði

Ríkharð Kristjánsson á Guðnabakka sagði í gær, að veiðin væri mjög góð, enda voru komnir 432 laxar á land á miðvikudagskvöld. Þetta á þó ekki við alla Þverá, heldur neðri hluta hennar upp að Dalsbotni, en þar fyrir ofan eru nokkrir Íslendingar og Svisslendingar leigutakar, og til aðgreiningar þá heitir áin þar Kjarrá.

Ríkharð sagði að sá þyngsti sem veiðt hefur enn þá, hefði reynzt 21 pund, en það var Lilly Steingrimsdóttir frá Keflavík, sem honum náði. — Það hefur verið nokkuð um smálaxagöngur nýlega, en síðastliðna tvo daga hefur verið laxaganga, sem í eru allt frekar stórir laxar, og þeir sem laxveiði-

mennirnir hafa fengið eru allir grálúsugir, sem sé nýgengnir. Eitt hollíð fékk nýlega nærri 140 laxa, en þeir voru frekar smáir.

Það er veitt á sjö stangir í Þverá (neðri hluta) þennan mánuð, en um n.k. mánaðamót verður þeim fækkað um eina.

Veiðifélagið SWICE hefur efri hluta Þverár á leigu frá fjallsgröndu eða Dalsbotni, og heitir hún þá Kjarrá til aðgreiningar. Veiðin byrjaði þann 11. júní s.l. og þann 2. júlí höfðu 369 laxar veiðt. Veiðin hefur verið ágæt, sem sést á því að eitt hollíð, sem var við veiðar í eina viku, fékk 151 lax. Þyngsti laxinn sem þá hafði fengist, reyndist vera 22 pund, en ekki er vitað um meðalþyngdina.

Batnandi veiði í Elliðaánum

Samkvæmt upplýsingum sem VEIÐIHORNIÐ fékk hjá Stangveiðifélagi Reykjavíkur í gær, er allt útlið fyrir batnandi veiði í Elliðaánum, og þykir ýmsum mál til komið, þar sem veiðin hefur verið sérlega léleg það sem af er veiðitímabilinu. Í gærmorgun veiddust 5 vánir laxar og mikil ganga er komin í árna þannig að brúnn ætti að fara að lyftast á laxveiðimönnum.